

leyfi til að aka bifreið í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 30. október 1935.

Nr. 127/1934. **Hreppsnefnd Mosfellshrepps f. h.**
hreppsfélagsins (Pétur Magnússon)
 gegn

hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps f. h.
hreppsfélagsins
 (Stefán Jóh. Stefánsson).

Mál um ákvörðun hreppamarka.

Dómur aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 31. ágúst 1933: Kröfur stefnöndu, hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps, fyrir hönd hreppsins takast til greina þannig, að nýbýlið Gunnarshólma ber að telja innan Seltjarnarneshrepps óátalið af hreppsnefnd Mosfellshrepps. Hreppsnefnd Mosfellshrepps f. h. hreppsins greiði upp í málskostnað krónur 601.10. Dómi þessum ber að fullnægja að því er tekur til málskostnaðar innan 3 sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar:

Máli þessu er áfrýjað til hæstaréttar með stefnu dags. 10. ágúst 1934, að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 20. júlí 1934 og gerir áfrýjandi þær kröfur fyrir hæstarétti, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda, þá krefst hann og málskostnaðar í báðum réttum eftir mati dómsins. Stefndi krefst þess þar

á móti, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati réttarins.

Samkvæmt landamerkjaskrár fyrir jarðirnar Elliðakot og Hólmi dags. 28. júlí 1883 var land það, þar sem nú stendur nýbýlið Gunnarshólmi, þá tilheyrandi Elliðakoti, en ekki Hólmi. Að vísu voru skrár þessar ekki samþykktar af umráðamanni Hólms, svo sem lög stóðu til, en það hefir ekki þýðingu í máli þessu, þar sem viðurkennt er hér fyrir réttinum af hálfu beggja aðilja, að eftir 1883 sé eignarhald þáverandi eiganda Elliðakots og þeirra, sem leiða rétt sinn af hans rétti, á landi þessu óumdeilt. En í málinu eru fram kominn gögn, sem benda til, að þessu hafi verið öðru vísi háttað fyrir 1883. Ber þar fyrst að telja vitnisburð Eggerts G. Norðdahls, bónda á Hólmi, sonar Guðmundar Magnússonar, sem var eigandi Elliðakots á þeim tíma, þegar haldið er fram, að eigandaskiftin á umræddu landi hafi átt sér stað. Segir Eggert, að land það, sem nú tilheyri nýbýlinu Gunnarshólma, hafi áður verið hluti Hólms, þótt honum sjálfum hafi aldrei verið byggt það land. Hann telur, að faðir sinn og næsti ábúandi Hólms á undan sér, Grímur Ólafsson, hafi gert samning um það, að umrætt land skyldi lagt undir Elliðakot, að því áskildu, að faðir vitnisins slepti tilkalli til austurhluta Hólmskrauns eða Helliskotskrauns, sem sum önnur vitni nefna svo, þá hafi það og verið tilskilið, að til þessa fengist samþykki þáverandi umboðsmanns þjóðjarðarinnar Hólms. Þessa vitneskju kveðst vitnið hafa fengið hjá nefndum Grími Ólafssyni, en hann hafi sagt sér þetta, er þeir voru samtíða á Hólmi árið 1893—94. Í sömu átt gengur vitnisburður Guðmundar H. Sigurðsson-

ar bónda á Lögbergi eða Lækjarbotnum, en hann telur fyrnefndan Guðmund Magnússon hafa sagt sér margsinnis, er þeir töluðu saman um land þetta, að hann hafi fengið það í skiftum við ábúandann á Hólmi, Grím Ólafsson, fyrir annað land, sem talið hafi verið Elliðakotinu. Eftir vitnisburðum þessum á þannig hið umdeilda land upphaflega að hafa tilheyrt Hólmi, en Grímur Ólafsson ábúandi Hólms að hafa afhent Guðmundi Magnússyni það til að losna við tilkall Guðmundar til annars lands, sem síðan hafi óumdeilt heyrt undir Hólm, og eiga þessi skipti að hafa verið gerð, annaðhvort beinlínis með landamerkjaskránum 1883, eða skömmu áður og skrárnar þá samdar í samræmi við þau. Þeir Skúli G. Norðdahl og Guðmundur G. Norðdahl, bræður Eggerts á Hólmi og synir Guðmundar Magnússonar, kannast hinsvegar í vitnisburðum sínum eigi við þvilik skifti, en halda því þó fram, að Guðmundur Magnússon og Grímur Ólafsson hafi um eða eftir 1880 gert með sér merkjasamning, þar sem Guðmundur hafi gefið eftir rétt sinn yfir Helliskotshrauni án þess að fá nokkuð land frá Hólmi í staðinn, og telja þeir þannig, að land það, þar sem Gunnarshólmi stendur nú, hafi einnig fyrir 1883 heyrt undir Elliðakot. Vitnisburðir allra þessara nákunnugu vitna eru þannig samhljóða um það atriði, að þeir Guðmundur Magnússon og Grímur Ólafsson hafi komið sér saman um að breyta merkjum milli Elliðakots og Hólms, en að því leyti, sem vitnin greinir á um efni þessa samnings, þá er óneitanlega sennilegri framburður þeirra, sem telja það hafa verið á þá leið, að látið skyldi eftir nokkuð af landi beggja jarða, heldur en hinna, sem segja, að einungis hafi verið gefið eftir af landi annarar jarðarinnar án þess að hún eða eigandi hennar fengi

nokkuð í staðinn. Verður því að telja, að með vitnisburðum þessum séu fram komin all-mikilvæg gögn fyrir því, að land það, sem nú heyrir undir Gunnars-hólma hafi fyrir 1883 heyrt undir Hólmi, en ekki Elliðakot. Þessu til styrktar eru ennfremur landamerki Vilborgarkots, ákveðin með útmælingagerð, framkvæmdri 7. sept. 1863, og er útmælingagerðin, að því leyti sem hún greinir landamerki nefndrar jarðar, framlögð í máli þessu. Einkum hafa þó landamerki þessi þýðingu, þegar þess er gætt, að í dómi hæstaréttar 17. okt. 1887 er sagt um land Vilborgarkots með þessum merkjum, að það verði „helst að álíta að það að minsta kosti að nokkrum hluta hafi tilheyrt jörðinni Hólmi“. Þessu til styrktar segir hæstiréttur að það sé m. a. að stefndi í því máli, en það virðist hafa verið þáverandi umráðamaður Vilborgarkots, hafi kannast við, að Vilborgarkotsland hafi um mjög langt árabíl fyrir 1863 verið notað af ábúandanum á Hólmi til allra leiguliðaafnota. Og í dómi landsyfirréttar frá 29. okt. 1883 segir, að þeir, sem útmælingagerðina 7. sept. 1863 framkvæmdu, hafi talið, að Vilborgarkot væri mælt út úr löndum jarðanna Hólms og Elliðakots, að hálfu úr landi hvorrar jarðar. Er þannig sannað, að svo langt sem menn mundu 1863 hafi a. m. k. hálf land Vilborgarkots og e. t. v. það allt verið nýtt frá Hólmi. En samkvæmt útmælingagerðinni 7. sept. 1863 umlykur Vilborgarkotsland land það, sem nú tilheyrir Gunnarshólma, að vestan, norðan og að miklu leyti að austan, og myndar það því einskonar geira á milli Vilborgarkotslands og lands þess, sem óumdeilt virðist hafa heyrt undir Hólmi. Er því, þegar upplýst er, að Vilborgarkotsland hefir með fyrgreindum hætti verið nýtt frá Hólmi, og eftir staðháttum öllum mjög

ólíklegt, að hið umdeilda land hafi heyrt undir Elliðakot en ekki Hólmi.

Með fyrgreindum vitnisburðum og útmælingargerð Vilborgarkots, samanborinni við tilvitnaða dóma, verður að telja næg gögn komin fram fyrir því, að land það, sem nú tilheyrir Gunnarshólma, hafi ekki komist undir Elliðakot fyr en með samningum milli ábúanda Hólms og eiganda Elliðakots árið 1883 eða skömmu áður, og verður því að telja sannað, að þangað til hafi landið heyrt undir þjóðjörðina Hólmi og sé því upphaflega hluti úr landi þeirrar jarðar. Þar sem það er óumdeilt, að Hólmur heyri undir Seltjarnarneshrepp, verður því að telja að umrætt land sé einnig hluti af þeim hreppi, enda verður að álíta, að Seltjarnarneshreppur eða hreppsnefndin fyrir hans hönd, hafi heimt landið undir sig nægilega skömmu eftir að tilefni gafst. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, að því leyti sem hann ákveður, að nýbýlið Gunnarshólmi skuli teljast innan Seltjarnarneshrepps, óátalið af hreppsnefnd Mosfellshrepps.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í báðum réttum falli niður, en hvor aðilji greiði að hálfu þóknun og ferðakostnað meðdómenda í héraði. Voru þau þar ákveðin 150 krónur til hvors meðdómenda, þeirra Klemens Jónssonar og Ólafs Bjarnasonar, þótt láðst hafi að taka ákvæði um það upp í sjálfan dóminn. Loks þykir rétt að aðiljar ábyrgist greiðslu á þóknun og ferðakostnaði in solidum gagnvart meðdómendum.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó þannig, að málskostnaður í héraði falli niður, en

áfrýjandi, hreppsnefnd Mosfellshrepps, f. h. hreppsfélagsins og stefndi, hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps f. h. hreppsfélagsins, greiði hvor um sig að hálfu laun og ferðakostnað meðdómenda í héraði. þeirra Klemens Jónssonar og Ólafs Bjarnasonar, 150 krónur til hvors, og ábyrgist aðiljar þessar greiðslur in solidum gagnvart meðdómendum.

Málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu útgefinni 26. ágúst 1932 hefir hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps f. h. hreppsins höfðað mál þetta, að undangenginni árangurslausri sáttatilaun, gegn hreppsnefnd Mosfellshrepps, f. h. hreppsins, og gert þær réttarkröfur, að viðurkennt sé með dómi, að landspilda sú, sem Gunnar Sigurðsson, Laugaveg 55, Reykjavík, keypti 1928 af eiganda jarðarinnar Geitháls í Mosfellshreppi, reisti nýbýli á og nefndi Gunnarshólma og sýnd er á framlögðum uppdráttum í málinu, réttarskjöllum nr. 13, 20, 55 og 58, sé í Seltjarnarneshreppi sem raunverulegur hluti þjóðjarðarinnar Hólms, sem er í hreppi þessum.

Ennfremur krefst stefnanda þess, að stefnda verði dæmd til að greiða málskostnað í málinu að skaðlausu. Stefnd hreppsnefnd Mosfellshrepps f. h. hreppsins gerir þær réttarkröfur í málinu:

1. Að máli þessu sé vísað frá dómi.

2. Til vara, að hreppsnefnd Mosfellshrepps sé sýknuð og merki landa og hreppa séu óbreytt eins og verið hafi samkvæmt landamerkjaskrá, að hreppsnefnd Mosfells-hrepps sé tildæmdur allur kostnaður af málinu að skaðlausu og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps sé dæmd í hæstu sekt fyrir óþarfa þætu.

Frávisunarkrafan.

Mál þetta er höfðað samkvæmt III. kafla laga um landamerki nr. 41 frá 1919 sem áreiðar- og vettvangsmál. Byggir stefnda frávisunarkröfuna á því, að þetta sé rangt. Kveður hún, að í máli þessu sé ekki ágreiningur um neitt af því, sem talið er upp í 8. og 16. grein nefndra laga um landamerki, að hreppamerkjaágreiningur geti ekki átt sér stað, á einu viti byggður, nema um landamerki jarða, er hvor liggur í sínum hreppi, sé að ræða, því að merki jarða og hreppa hljóti að fara saman, og hreppsnefndir geti ekki verið aðilar slíks máls, nema hreppar séu eigendur landa (jarða, afrétta), er saman liggja, en hér sé þessu ekki til að dreifa.

Sé það vefengt, að nýbýlið Gunnarshólmi hafi verið hluti af landi Elliðakots (Helliskots) verði að sanna, að það hafi verið hluti af annari jörð, en þannig upptekið væri málið hreint landamerkjamál. Þessari röksemdafærslu stefndu mótmælir stefnanda, kveður hún það sameiginlegt öllum áreiðar- og vettvangsmálum samkvæmt III. kafla laga um landamerki, að sakarefnið sé fasteign, eignarréttur notkun eða meðferð fasteigna að einhverju leyti; telur hún það heyra undir meðferð fasteignar, í hvaða hreppi hún liggir.

Út af þessu skal það tekið fram af dómsins hálfu, að þrátt fyrir það að taka verður að meira eða minna leyti tillit til merkja jarða og lendna við ákvörðun þess, hvar hreppamerki séu, þá leiðir ekki af því að með slík mál eigi að fara sem landamerkjamál, en ekki sem áreiðar- og vettvangsmál, og þar sem fallast verður á þá skoðun stefndu, að það heyri undir meðferð fasteignar, í hvaða hreppi hún liggur og að slíkt mál heyri undir III. kafla laga um landamerki frá 1919, þá ber ekki að taka frávisunarkröfu stefndu til greina.

Stefnanda byggir í sáttakærunni kröfur sínar á því, að nýbýlið Gunnarshólmi sé raunverulegur hluti þjóðjarðarinnar Hólms í Seltjarnarnesshreppi. Þessu til sönnunar skirskotar hún til 1) vitnisburðar Eggerts G. Norðdahl. Nefnt vitni telur ána fyrir norðan Gunnarshólma, er það nefnir Hólmsá, ráða merkjum milli Seltjarnarnesshrepps og Mosfellshrepps og nýbýlið Gunnarshólma áður hafa tilheyrt jörðinni Hólmur í Seltjarnarnesshreppi.

Kveður vitnið Grím Ólafsson, er var bóndi á Hólmi næst á undan vitninu, hafa sagt sér þetta á árinu 1893—94 og það með, að land þetta hafi verið lagt undir Elliðakotið að því tilskildu að til þess fengist samþykki þáverandi umboðsmanns þjóðjarðarinnar Hólmur, og gegn því að eigandi Elliðakots, Guðmundur Magnússon, faðir vitnisins, slepti tilkalli til austurhluta Hólmskrauns eða þess, er önnur vitni nefna Helliskotshraun. 2) Þá skírskotar stefnanda til vitnisburðar Guðmundar H. Sigurðssonar, bónda á Lækjarbotnum, er telur ána fyrir norðan Gunnarshólma, Hólmsá, ráða hreppamerkjum frá upptökum hennar undir Fossvallabrúnum. Kveður vitnið ennfremur Guðmund Magnússon Elliðakoti hafa margsinnis sagt, er vitnið talið aði við hann um svonefnda Hraunhólma, er hann hafi talið sig eiga, að hann hefði fengið þá í skiptum við ábúandann á Hólmi, Grím Ólafsson, fyrir annað land, sem talið hafi verið Elliðakotinu. 3) Vottorð Ólafs Grímssonar frá Hólmi, sem kveðst aldrei hafa heyrt getið annara hreppamerkja milli Seltjarnarnesshrepps og Mosfellshrepps en árinna úr Fossvallabrún, þar til hún kemur í Nátthagavatn, þá Nátthagavatnið sjálft og síðan Hólmsá, er hann nefnir svo. Um hina svonefndu Hólma (nú Gunnarshólma) tekur vottorðsgefandinn það fram, að hann hafi aldrei vitað né heyrt annað, en þeir væru hluti af landi Hólms og hafi faðir hans notað þá til beitar og einu sinni leigt Englending laxveiði í ánni alla leið upp fyrir, þar sem nú stendur býlið Gunnarshólmi. Stefnanda byggir ennfremur kröfu sína um hreppamerkin á fornum heimildum. Kemur þar helst til greina a) úrskurður Clausens sýslumanns og 4. meðdómenda frá 4. des. 1866 um að nýbýlið Lækjarbotnar séu ekki útmældir úr Helliskotslandi, en í úrskurði þessum er sagt, að Elliðaárnar geri mörkin milli Gullbringusýslu og Kjósarsýslu og liggi fyrir sunnan Helliskot en fyrir norðan Lækjarbotna og það talið ekki líklegt, að Helliskot, sem liggi í Kjósarsýslu hafi einnig átt land í Gullbringusýslu. b) Sóknarlýsing Mosfellsóknar eftir séra Stefán Þorvaldsson, þar sem sagt er, að takmörk prestakallsins séu að sunnan Hellisheiði og áin Bugða, er hafi upptök sín vestarlega á téðri heiði og falli í Elliðaár. c) Landfræðisögu P. E. K. Kálund gerðri 1877, þar sem hann segir, að Elliðaárnar eða Hellisárnar greini Gull-

bringusýslu- og Kjósarsýslu. d) Sýslulýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu, gerðri af Th. Jónassyni 31. des. 1852, þar sem sagt er, að Elliðaárnar aðskilji frá Gullbringusýslu helztu byggðarlög í Kjósarsýslu. e) Álitsgerð Guðbrandar Jónssonar, þar sem tilgreint er, að Skúli landfógeti Magnússon haldi því fram í riti sínu frá árunum 1785—8, að hin litla á Hellirá sé merkin milli Kjósarsýslu og Gullbringusýslu og að Þórður síðar háyfirdómari Sveinbjörnsson telji í sýslulýsingu sinni frá 1853, að Elliðaár skilji Kjósarsýslu frá Gullbringusýslu. — Kröfu sína um sýknu byggir stefnda á eftirtöldum gögnum.

1. Landamerkjaskrá fyrir jörðina Elliðakot, liggjandi í Mosfellssveit í Kjósarsýslu, undirritaðri að Elliðakoti 29. júlí 1883, af Guðmundi Magnússyni, eiganda Elliðakots, Grími Ólafssyni ábúanda á Hólmi, uppá væntanlegt samþykki yfirvaldsins, B. Sveinssyni, eiganda Lækjarbotna o. fl. Er landamerkjaskrá þessi lesin á manntalsþingi fyrir Mosfellshrepp að Lágafelli 4. júlí 1890, og samkvæmt henni ræður syðsta kvíslin af Fossvallaánum niður hjá Lækjarbotnum merkjum milli Elliðakots annarsvegar og Lækjarbotna og Hólms hinsvegar. Eru merkin talin áfram fyrir sunnan Tröllbörn hjá Lækjarmóti, niður hjá Hraunsnafi og þaðan eftir sömu kvísl þar til hún fellur í Elliðaána við svokallað Heiðartagl.

2. Nýbýlisbréfi fyrir Lækjarbotnum, útgefnu af stiftsamtmannum 11. febr. 1868, er sé samhljóða nefndri landamerkjaskrá um landamerkin milli Elliðakots og Lækjarbotna.

3. Vitnisburðum a) Skúli G. Norðdahl ber, að eignar- og afnotaréttur eiganda Elliðakots á svonefndum Hólum og Helliskotshrauni, en það telur vitnið sunnan svonefndrar syðstu kvíslar Fossvallaáanna, hafi frá því er vitnið man eftir sér verið óátalinn af öllum. Kveður vitnið, að svonefndur Nátthagi og Miðmunda-mýri hafi verið þrætuepli milli Lækjarbotna og Elliðakots, en þeirri þrætu hafi lokið með áreiðargerð eitthvað um eða eftir 1880 og hafi þá syðsta kvísl Fossvallaáanna verið látin ráða eins og segir í landamerkjaskránni frá 1883, en eftir að syðsta kvísl Fossvallaáanna var látin ráða milli Elliðakots og Lækjarbotna, telur vitnið, að föður þess hafi þótt eðlilegast, að sama kvísl réði merkjum fyrir allri suðurhlíð Ell-

iðakotslands svo langt sem hún og það næði; þess vegna hafi faðir vitnisins og Grimur Ólafsson, ábúandi á Þjóðjörðinni Hólmi, gert merkjasamning um að nefnd kvísl skyldi merkjum ráða milli Elliðakots og Hólms, og sé merkjum þessum sennilega þinglýst af sýslumanni sjálfum, umboðsmanni Þjóðjarðarinnar Hólms, án athugasemda, sem eðlilegt sé með því að eigandi Elliðakots hafi sleppt nokkru af því landi, er hann hafi nytjað. Vitnið kveðst enn fremur aldrei hafa heyrt, að hreppamerkin væru önnur en merki jarðanna. b) Vitnið Guðmundur G. Norðdahl ber það sama og Skúli G. Norðdahl bróðir hans.

Með skirskotun til sönnunargagna sinna heldur stefnda því nú fram, eins og áður er sagt, að landamerkin og hreppamerkin hljóti að fara saman, og séu því merki Seltjarnarnesshrepps og Mosfellshrepps á svæði því, er um er að ræða í máli þessu, eins og landamerkjum er lýst í landamerkjaskrá Elliðakots frá 1883. Þessu síðastnefnda atriði mótmælir stefnanda. Telur hún það auðsætt, að hreppamerki og landamerki þurfi ekki að falla saman og tekur sem dæmi, að ef eigandi lands í einum hreppi kaupir land af nágranna sínum í öðrum hreppi, þá verði það land einu og sömu jarðarinnar í tveim hreppum. Þessu til sönnunar visar stefnanda til landamerkjaskrár fyrir Hólm í Seltjarnarneshreppi, sem undirrituð er 28. júlí 1883 af Grími Ólafssyni ábúanda Hólms, og þinglesin á manntalsþingi að Mýrarhúsum 7. júlí 1889, en þar er svo nefnd Hólmsheiði, er aðilum málsins kemur saman um, að liggi í Mosfellshreppi, talin hluti af jörðinni Hólmur. Telur stefnanda Hólmsheiði alveg hliðstætt dæmi við Gunnarshólma. Þessu mótmælir stefnd. Telur hún Hólmsheiði suðurhluta af jörðinni Reynisvatni í Mosfellssveit, og sé land það fyrir norðan ána Bugðu. Hólmsbóndi hafi fengið þar beit og byggt þar fjárhús, er enn sjáist. Reynisvatnsbóndi hafi gegn þessu fengið skógarnot í Hólmshrauni, skógurinn hafi gengið til þurrðar og sé notkun sú þess vegna fallin niður, en beitin í landi Reynisvatns haldi áfram. Þegar landamerkin síðan voru skrásett, hafi eigandi og ábúandi Reynisvatns verið nýaðfluttur austan úr Rangárvallasýslu og ókunnugur. Hann hafi fengið annan mann til að semja landamerkjaskrána fyrir jörð sína. Sá maður hefi ekki þorað að taka með á skrána land það, er

notað var frá Hólmi, og þannig hafi það fallið frá Reynisvatni. Síðan hafi það verið talin sérstök lenda og talin þjóðeign, en fylgi Hólmi til notkunar vegna beitarhefðarinnar. Mosfellshreppur hafi ætíð lagt útsvar á þá notkun og bóndinn á Hólmi greitt það. Sliku sé ekki til að dreifa um Gunnarshólma eða Hraunhólma, eins og landspilda þessi hafi verið nefnd við fasteignamatið 1921, né aðra hluti Elliðakotslands, sem stefnanda vilji nú telja til Seltjarnarnesshrepps. Það hafi aldrei verið sinnt um það land né notkun þess af hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps fyrr en nú, að búið sé að reisa þar myndarþú. Sveitar- og sóknarskilum öllum hafi þar verið sinnt af stjórnarvöldum Mosfellshrepps og Mosfellsprestakalls, en stjórnarvöld Seltjarnarnesshrepps (sveitar og safnaðar) látið sér það óviðkomandi að öðru leyti en málamyndarútsvarsálagningu á Gunnar Sigurðsson einan 1931. En út af merkjaskrá Hólms tekur stefnda það enn fremur fram, að hún styrki mál sitt, með því að þar sé lýst merkjum Hólms og Elliðakots eins og í merkjaskrá Elliðakots frá sama ári. Elliðakot segir stefnda landstóra jörð eins og títt sé um jarðir, er að afréttum liggja, og hafi þar verið tvíbýli á næstliðinni öld til 1881. Undir jörðina hafi legið land það, sem nú er Geitháls, útvisað sem nýbýlið Vilborgarkot 1863, og núverandi Lækjarbotnaland hafi verið notað frá Elliðakoti, þó ekki án ágreinings um hvort jörðin ætti það, eða það tilheyrði afrétti Seltirninga. Lyktir hafi orðið þær, að landið hafi verið gert að nýbýli og landamerki þess ákveðin með áreiðardómi 22. júlí 1865 sem hluta úr afrétti Seltirninga. Merkin hafi þá verið ákveðin svo:

Að norðaustanverðu, syðsta kvislin af Fossvallaánum frá Lækjarmóti, sem kemur frá bænum (nýbýlinu) upp að þúfu sem stendur á holtshaga fyrir neðan Neðrivötn. Fyrir norðan þessa svonefndu syðstu kvisl Fossvallaáanna telur stefnda allan suðurhluta (Helliskots-) Elliðakotslands, sem sé Fossvelli, Nátthaga, Miðmundamýri, Hólm (Gunnarshólma) m. m. Ágreiningur um landsvæði þetta hafi fyrst komið upp, er ábúandi Lækjarbotna flutti bæinn úr Lækjarbotnum á hólinn við landamerkjakvislina. Hafi hann þá tekið að beita og slá Miðmundamýri og Nátthaga, en gegn því hafi eigandi Elliðakots risið upp. Hafi sýslumaður þá verið fenginn til að setja niður ágreininginn og

hafi hann lýst syðstu kvíslina merki milli jarðanna samkvæmt nýbýlisdómi Lækjarbotna, og muni það vera áreiðsú, sem vitnið Skúli G. Norðdahl á við í vottorði sínu rskj. nr. 23. En í skjali (þjóðskjalasafn) frá 1874 segir: „Lækjarbotnaland nær ekki lengra til norðurs en að syðstu kvísl af Fossvallaánum“. Ennfremur bendir stefnda á það, að sáttakæra og stefna hljóði einungis um, að Mosfellshreppur verði að viðurkenna „að býlið Gunnarshólmi sé í Seltjarnarneshreppi“, og telur stefnda það mótsögn í flutningi málsins, að láta ekki sömu lög ganga að þessu leyti um hinar landspildurnar, Nátthaga, Geirland og Miðmundamýri. Út af þessu tekur stefnanda það fram, að mál þetta snúist að vísu að forminu til um Gunnarshólma, en sé þó raunverulega um það, hvar hreppamerkin liggi allt upp að Fossvallabrún. Sjáist þessi skilningur sinn á því, að lagt hafi verið útsvar á bóndann á Geirlandi í Seltjarnarneshreppi og hann tekinn þar á manntal.

Stefnanda telur nú, að vatnsvegur sá, er stefnda nefnir syðstu kvísl Fossvallaáanna, en stefndanda nefnir öðrum nöfnum, svo sem Hraunslæk og Hólmalæk, sbr. uppdrætti þá af þrætulandinu, er gerðir hafa verið til afnota í þessu máli, rskj. 55 og 58, sé ekki annað en óveruleg lækjar-sitra, er renni í aðalána, þegar vorleysingar eru mestar. Bendir stefnanda á, að Fossvallaárnar eru þurrar og hefir hún sýnt það á uppdrættinum, réttarskjal nr. 55. Hún staðhæfir, að mestur hluti þess leysingarvatns, sem rennur niður úr syðra klifi Fossvallaáanna á Fossvallabrún, renni eftir farvegum, er hún merkir A á framlögðum uppdrætti og sameinist aftur þeim farveg, er leysingarvatn rennur eftir niður af nyrðra klifinu, og sé því hin svonefnda „syðsta kvísl“ Fossvallaáanna, þegar hún á annað borð sjáist rennandi, greinilega vatnsminni en norður-kvíslin. Vísar hún til uppdráttar, er hún hefir lagt fram, um þetta. Hinsvegar telur stefnanda „syðstu kvísl“ renna í Hraunslæk, en sá lækur renni sunnan bæjarins á Lögbergi, (Lækjarbotnum). Staðhæfir stefnanda, að annað sé ekki syðsta kvísl Fossvallaáanna en farvegurinn úr syðra klifinu á Fossvallabrún og að uppsprettu þeirri, er hún nefnir Hraunslæk. Lækurinn niður að Hraunsnefi heiti Hraunslækur, en eftir það heiti lækurinn Hólmalækur, allt þar til hann renni í Hólmsá (Elliðaár), eins og sýnt er á upp-

drætti þeim, sem stefnanda hefir lagt fram. Styður stefnanda þessa skýringu einnig með vitnisburði Eggerts G. Norðdahl. Hinsvegar telur stefnanda, að á sú, er hún nefnir Hólmsá (Elliðaár), marki nýbýlið Gunnarshólma glöggt til Seltjarnarnesshrepps. Öllu þessu mótmæli stefnda. Hún telur það fjarstæðu, að það eigi að vera ófrávikjanlegt lögmál, að mikið vatn eigi að vera merki (hreppa, sýslna, jarða). Mikill meiri hluti slíkra merkja á landi hér liggi um þurr hálendi. Hér beri auk þess að gæta þess, að öll vatnsdrög (ár) fyrir ofan heiðarbrúnir (Fossvallaár o. fl.) séu þurr á sumrum eftir að snjór er leystur úr heiðinni, en í vorleysingum svo vatnsmikil, að ótrúlegt þykir þeim, sem ókunnir séu. Þá sé og rétt að nefna það, að vegurinn frá svonefndri Rauðubru upp að bæjarhólnum (Lækjarbotnum) liggi á flatlendi og skammt frá landamerkjakvíslinni (syðstu kvísl). Hafi veginum þessvegna getað verið hætta búin að vexti kvíslarinnar. Þess vegna hafi vegagerðarmenn á árunum 1886—1887 hlaðið fyrir hana uppi á Fossvöllum, til þess að bægja vatninu í nyrðri kvíslarnar. Einnig hafi verið hlaðið í fyrir ofan Hraunsnef og vatninu gerð rás til að falla í skoru þá, sem brú er þar yfir. Þá hafi og núverandi eigandi Gunnarshólma hleypt vatni kvíslarinnar í fyrrnefnda skoru neðar en vegamenn gerðu, til þess að vernda tún sín. Sé af þessum sökum ekki að undra þótt þeim, er bitið hafi í sig þá firru, að mikið vatn eigi að vera í merkjakvísl, sýnist syðsta kvíslin „smávægileg“ þar á grónu flatlendinu. Að rétt sé að nefna vatnsfarveginn syðstu kvísl Fossvallaánnar byggir stefnd meðal annars á landamerkjaskránum frá 1883 og vitnisburðum bræðranna Skúla G. Norðdahl og Guðmundar G. Norðdahl. Elliðaárnar kveður stefnda hafa verið taldar að skipta Gullbringusýslu og Kjósarsýslu og jafnframt skipt hreppum, en vötn þau, sem í Elliðavog falli, nefnist einu nafni Elliðaár. Elliðaárnar renni í mörgum kvíslum misstórum, er hafi ýmis nöfn og sé næstum alstaðar tvær eða fleiri kvíslar samsíða og undantekningarlaust alstaðar, þar sem um tvær kvíslar sé að ræða, sé það minni kvíslin, sem merkjum ráði milli jarða, sem eru hvor í sínum hreppi. Milli Ártúns (Mosf.), Bústaða og Breiðholts (Seltj.) syðri (minni) kvíslin, milli Árbæjar (Mosf.) Breiðholts (Seltj.) syðri kvíslin (nú séu jarðir þessar

fallnar undir Reykjavík); milli Árbæjar (Mosf.) og Vatnsenda (Seltj.) nyrðri (miklu minni) kvislin, nefnd Bugða. Syðri kvislin, aðaláin Dimma fyrir neðan Elliðavatn og Suðurá fyrir ofan vatnið séu sumstaðar landamerki, en hvergi hreppamerki, ekki á sveitartakmörkum. Bugða sé merkin milli Grafarholts, Reynisvatns (= Hólmsheiði) og Geitháls (Mosf.) Vatnsenda, Elliðavatns og Hólms (Seltj.). Frá því þær mætist norðuráin, Hólmsá og suðuráin (syðsta kvisl) sé sú siðarnefnda, sem sé minni, merki milli Elliðakots (Helliskots) og Hólms og Lækjarbotna í Seltjarnarnesshreppi. Þetta sé skiljanlegt þegar aðgætt sé, að á umræddu svæði hafi aldrei verið ákveðin nein hreppamerki önnur en landamerki jarðanna, og þau séu ekki bundin við vatnsmagn í lækjum né ám.

Það skal nú fyrst tekið fram af vettvangsdómsins hálfu, að enda þótt telja megí að upprunalega hafi verið svo til ætlað, að landamerki og hreppamerki féllu saman, þá telur dómurinn, að það breyti hvorki sýslna- né hreppamerkjum, þó að eigandi jarðar í einum hreppi eignist land, með hverju móti, sem það nú er, hinu megin við hreppamerkjalínuna. Skiptir það engu máli í þessu efni, þó að lenda sú, er við bætist, sé talin innan landamerkja jarðarinnar. Skal nú snúið sér að því að meta sönnunargögn aðiljanna.

1. Með vitnisburðum vitnanna, Eggerts G. Norðdahl, Guðmundar H. Sigurðssonar, og vottorði Ólafs Grimssonar eru fram komnar nokkrar líkur fyrir því, að land það, er nú heitir Gunnarshólmi og mál þetta snýst um, hafi áður verið hluti af jörðinni Hólmur í Seltjarnarnesshreppi. Vitnisburðir þeirra Skúla G. Norðdahl og Guðmundar G. Norðdahl ónýta ekki fyrrnefnda vitnaframburði, með því að þessir síðarnefndu framburðir snúast aðallega um notkun og eignarhald lands þess, er deilt er um í þessu máli og notkun landsins fyrir sunnan hina svonefndu syðstu kvisl Fossvallaáanna. Það er og in confesso í málinu, að landið sunnan hinnar svonefndu syðstu kvislar eða Hólmalækjar, eins og stefnanda nefnir vatnaleið þessa, hefir a. m. k. fyrir árið 1890 verið notað frá Elliðakoti, en Skúli G. Norðdahl ber, eins og áður er sagt, að föður hans hafi þótt eðlilegast, að hin svonefnda syðsta kvisl réði merkjum

fyrir allri suðurhlið Elliðakotslands og þess vegna gert merkjasamning þess efnis við Grím Ólafsson, ábúanda Hólms.

2. Hvað landamerkjaskrána frá 28. júlí 1883 varðar, þá rýrir það gildi hennar sem sönnunargagns í þessu máli, að ábúandi Hólms undirritaði hana upp á væntanlegt samþykki yfirvaldsins, en ekki verður séð, að það samþykki hafi fengizt, sbr. 3. gr. landamerkjalaga 1882, er giltu er landamerkaskráin frá 1883 var gerð, en í nefndri grein segir, að eigendur skuli rita á merkjalýsingu samþykki sitt. Virðist það ekki nægilegt til að breyta þessu, þó landamerkjaskránni væri þinglýst 1890, 7 árum eftir að hún var gerð, því að hún bar það sjálf með sér, að hún var ekki lögum samkvæm að þessu leyti.
3. Er meta skal sönnunargildi úrskurðar Clausens sýslumanns frá 4. des. 1866, verður að skera úr því, við hvað er átt í úrskurðinum með orðinu „Elliðaár“. Stefnanda telur til Elliðaánna, Fossvallaár, Bugðu, Hólmsá, Dimmu og Suðurá og byggir það á örnefnum upp eftir héraðinu, en neitar því jafnframt, að syðsta kvisl Fossvallaánna nái lengra niður í láglandið en þangað, er við tekur lækur sá, er hún nefnir Hraunslæk. Stefnanda telur eins og áður er sagt, að vötn þau öll, er í Elliðavog falla, nefnist einu nafni Elliðaár og þar með talin hin svo nefnda syðsta kvisl.
 - a) Vitnið Eggert G. Norðdahl kveður að upptök Elliðaánna hafi alltaf verið talin undan Fossvallabrún og heiti þær auk þess ýmsum nöfnum þaðan og til sjávar. Telur han þannig ekki Fossvallaárnar til Elliðaánna.
 - b) Vitnið Guðmundur H. Sigurðsson telur að Elliðaár hafi upptök sín undir Fossvallabrúnunum.
 - c) Í landamerkjaskrá Elliðakots frá 1883 er talið að syðsta kvislin af Fossvallaánum, sem látin er ráða merkjum, falli í Elliðaána við svonefnt Heiðartagl. Virðist mjög líklegt af þessu, að þeir, er að landamerkjaskránni stóðu, hafi ekki álitnið að minnsta kosti hina svonefndu syðstu kvisl til Elliðaánna.
 - d) Vitnið Skúli G. Norðdahl kveðst aldrei hafa heyrt

talað um að aðalain hjá Heiðartagli hétu Elliðaá, heldur Vilborgarkotsá eða Hólmsá.

- e) Árni Björnsson, einn af meðdómendum Clausens, telur í vottorði því, er hann gaf Guðmundi Magnússyni í svonefndu torf- og hrísmáli, að allt Lækjarbotnaland sé sunnan syðstu kvíslar Fossvallaáanna.

Ef hann hefði talið hina svonefndu syðstu kvísl Fossvallaáanna til Elliðaáanna, þá mætti ætla, að hann hefði tekið það fram í vottorði þessu, til þess að úrskurðurinn frá 4. desember 1866 yrði ekki notaður móti Guðmundi Magnússyni, Elliðakoti.

Það finnst þannig hvergi í sönnunargögnum, stoð fyrir því, að hin svo nefnda syðsta kvísl teljist til Elliðaáanna, heldur benda sterkar líkur til þess, að svo sé ekki og styrkir þá úrskurðurinn frá 4. des. 1866 málstað stefnöndu. Hér við bætist það, er nú skal tekið fram:

Hið svo nefnda torf- og hrísmál höfðaði Guðmundur Magnússon, Elliðakoti, gegn Hallberu Jónsdóttur, Lækjarbotnum, fyrir að hún hafi án hans leyfis skorið torf í landi eignar- og ábúðarjarðar hans, Helliskots, og látið að því er hann hélt fram, sömuleiðis án hans leyfis, höggva og rífa hris í landi sömu jarðar hans í hinu svokallaða Helliskotshrauni. Helliskotshraun er sunnan í hinar svo nefndu syðstu kvíslar Fossvallaáanna, en rskj. nr. 38 bendir eindregið til þess, að torfið hafi verið tekið norðan hennar. Clausen sýslumaður sýknaði Hallberu Jónsdóttur með þeim forsendum, að það væri ekki sannað, að hið umrædda torf og hris hafi verið tekið í landi Guðmundar Magnússonar, Helliskoti, eða í landareign jarðarinnar Helliskots. Þessi dómur var uppkveðinn 20 marz 1874. Samanburður á forsendum þessa dóms, og á úrskurði Clausens frá 4. desember 1866 virðist benda eindregið til þess, að Clausen og meðdómendur hafi ekki í úrskurðinum frá 1866 talið hina svo nefndu syðstu kvísl til Elliðaáanna og þess vegna ekki sýslna- og hreppamerki. Í yfirirrétti fór torf- og hrísmálið þannig, að það var ómerkt, en áður hafði þó einn af dómendum samið atkvæði, þar sem sagt er, að torfið sé tekið úr landareign Guðmundar Magnússonar, Helliskoti, og Hallberu

Jónsdóttur gera að greiða honum skaðabætur. Hrísið var tekið eins og áður er sagt í Helliskotshrauni sunnan hinnar svo nefndu syðstu kvíslar, og sýnir þetta það eitt, að því er tekur til þessa máls, að ekki hefir syðsta kvíslin þá verið álitin hrein landamerki.

4. Sóknarlýsing séra Stefáns Þorvaldssonar styrkir og frekar málstað stefnöndu, það sem sóknarlýsingin nær. Þar er sagt, að takmörk prestakallsins sé áin Bugða. Sama og um nefnda sóknarlýsingu er að segja um landfræðisögu P. E. K. Kálund, sýslulýsingu Gullbringu- og Kjósarsýslu eftir Th. Jónassen, sýslulýsingar Skúla fógeta Magnússonar og Þórðar síðar háyfirdómara Sveinbjörnssonar.

Svo er að sjá á málinu sem nokkrar deilur hafa orðið um eignarréttinn að Nátthaga og Miðmundamýri, fyrst milli eiganda Elliðakots og eiganda Lækjarbotna. Vitnið Skúli G. Norðdahl kveður sýslumann hafa gefið úrskurð eiganda Elliðakots í vil. Síðar gerði hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps f. h. hreppsins og bæjarstjórn Reykjavíkur f. h. bæjarins kröfu til lands þessa sem afréttarlands. Undirrétturinn lagði ekki dóm á kröfu þessa. Yfirrétturinn ónýtti undirréttardóminn.

Vettvangsdómurinn, sem athugað hefir staðháttu á þrætusvæðinu, lætur þess getið, að það virðist rétt hjá stefndu, að að einhverju leyti hafi verið hlaðið í syðstu kvísl Fossvallaánnar ofan Fossvallabrúnar. Einnig er þetta rétt hjá stefnöndu, að þeir farvegir séu þurrir, er hún hefir nefnt svo á uppdrættinum, rskj. nr. 55. Of mikið telur dómurinn þó stefnöndu gera úr farveginum, merktum A, úr syðri yfir í nyrðri vatnsleið Fossvallaánnar neðan Fossvallabrúnar. Annars er vatnsmegnið nær eingöngu norðanmegin úr uppsprettu þeirri, er sýnd er á rskj. nr. 55 og 58. Vatnið í suðurfarveginum kemur úr lækjaruppsprettum.

Það skal tekið fram, að aðiljar hafa báðir lagt fram í málinu kort af þrætulandinu, stefnanda uppdrátt herforingjaráðsins frá 1909, rskj. nr. 13, og stefnd uppdrátt frá 1930, en uppdrættir þessir fara hvor í bág við annan að því er tekur til þess, hvernig sýslna- og hreppamerkjalínan er dregin.

Vettvangsdómurinn verður nú að vera þeirrar skoðunar, að færðar séu nægilega miklar sannanir fyrir því í mál-

inu, að nýbýlið Gunnarshólmi sé í Seltjarnarnesshreppi og eru þar þingst á metunum úrskurðurinn frá 1866 og vitnaframburður þeirra Eggerts G. Norðdahl og Guðmundar H. Sigurðssonar svo og nokkuð landshættir, og skiptir það ekki máli í þessu efni, þó að eigandi Elliðakots hafi reynzt endanlegur eigandi þrætusvæðisins, hvort sem er fyrir hefð eins og oddviti Mosfellshrepps í bréfi til oddvita Seltjarnarneshrepps, dags. 1. marz 1930, rskj. nr. 31, telur að ef til vill geti hafa átt sér stað eða af öðrum orsökum.

Með hliðsjón af þessum úrslitum málsins, þykir rétt, að hreppsnefnd Mosfellshrepps fyrir hönd hreppsins greiði upp í málskostnað krónur 601.10, sem er kostnaður við gerð uppdráttar af ágreiningssvæðinu og þóknun til meðdómenda. Dráttur sá, er hefir orðið á uppkvaðningu dóms í máli þessu, stafar af lasieika tveggja dómara.

Miðvikudaginn 30. október 1935.

Nr. 114/1934. Valdstjórnin (Th. B. Lindal)

gegn

Ommund Ommundsen

(Sveinbjörn Jónsson).

Skipstjóri sýknaður af refsikæru og skaðabótakröfu fyrir skemmd á sæsima.

Dómur lögregluréttar Ísafjarðar 13. febr. 1934: O. Ommundssen skipstjóri á e/s Bisp frá Haugesund í Noregi á að vera sýkn af öllum kröfum valdstjórnarinnar í þessu máli. Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar:

Með því að ekki verður talið sannað, að e/s „Bisp“ hafi slitið sæsimann á Önundarfirði á þeim tíma, er getur í hinum áfrýjaða dómi, þá ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna kærða af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli.